



ORKUSTOFNUN

Rangá; Fellahreppi

Ásgeir Gunnarsson

Greinargerð ÁG-2002-11

Rangá; Fellahreppi

Þann 14. nóv. 2002 mæltum við (ÁG og GOG) okkur mótt við Víking Gíslason og son hans, til að finna góðan stað fyrir kvarða eða sírita í Rangá helst nálægt þeim stað sem án var virkjuð árið 1950.

Ekið var að gamla virkjunarstaðnum og gengið upp með ánni að fyrirhuguðum stað fyrir nýja stíflu. Víkingur, sem var ungrur maður þegar faðir hans lé byggja virkjunina tjáði okkur meðal annars að virkjunina iðulega stöðvast í 1-2 daga, þegar ána fennti í kaf og kólnaði eftir hlyjindakafla.

Víkingur tók þátt í rennslismælingu með S.Rist árið 1950 og fannst honum eitthvað skrýtið við mælinguna, hélt hann jafnvel að verið gæti að þeir hafi misst hluta vatnsins, en mikill snjór var þar sem mælt var. Vegna myrkurs tókst okkur ekki að finna góðan stað fyrir mæli en ÁG fór aftur á vettfang 17. nóv og fann þá góðan stað.

Góður staður fyrir kvarða er um 100 metrum ofan fyrirhugaðrar nýrrar stíflu, á milli tveggja fossa á hægri bakka árinna. Lóðréttur klettaveggur og klappir, sem myndar efri brún rúmlega 1 meters foss, en efri fossinn er tæplega 1 meters hárr. **GPS-hnit:** $65^{\circ}20', 659$; $14^{\circ}26', 443$. Myndin hér að neðan er tekin neðan kvarðastaðar og ofan fyrirhugaðrar stíflu. Eins og vel sést á myndinni er án auð á ráðandi þversniði, en á sama tíma var án ísilögð og rennsli koltruflað neðar í ánni og langt niður fyrir brú.

